



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Svar við fyrirspurn um fjölda þeirra sem eru í vanskilum við Reykjavíkurborg

Vísað er til fyrirspurnar, dagsett 16. febrúar sl., frá borgarráðsfulltrúa Sósíalistasflokksins um fjölda þeirra sem eru í vanskilum við Reykjavíkurborg. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Eru einhverjir með lokað á þjónustu frá Reykjavíkurborg eða fyrirtækja í eigu hennar vegna vanskila? Hver var staðan á því árið 2022 og það sem af er ári 2023? Ef svo er hversu margir borgarbúar eru það og/eða heimili í Reykjavík? Hér er t.a.m. verið að tala um þjónustu frá skóla- og frístundasviði og Orkuveitu Reykjavíkur. Það er mikilvægt að ganga úr skugga um að enginn í borginni sé án nauðsynlegrar þjónustu. Fulltrúi sósíalista er meðvituð um verklagsreglur borgarinnar sem miða að því að tryggja að börn verði ekki af nauðsynlegri grunnþjónustu á skóla- og frístundasviði vegna erfiðrar fjárhagsstöðu eða skuldavanda foreldra en eru einhver börn sem geta ekki fengið samþykka þjónustu vegna skuldavanda sem á eftir að greiða úr? Eru einhverjir vistunarsamningar barna í uppnámi vegna vanskila? Ef svo er, hver er fjöldi þeirra?

Eftirfarandi svör bárust frá sviðum a-hluta:

Þjónustu- og nýsköpunarsvið:

Á ekki við.

Umhverfis- og skipulagssvið:

Á ekki við.

Velferðarsvið:

Engin þjónusta í uppnámi vegna vanskila.

Menningar- og íþróttasvið:

Menningar- og íþróttasvið hefur ekki lokað á þjónustu vegna vanskila og uppbygging og þjónusta sviðsins er þannig að það reynir lítið á slík úrræði.

Skóla- og frístundasvið:

Skv. 7. mgr. í grein 4.4. í innheimtureglum Reykjavíkurborgar eiga almennar kröfur vegna þjónustu sem ekki hafa verið greiddar innan 110 daga frá gjalddaga að leiða til uppsagnar á þjónustunni með tíu daga fyrirvara. Skal þetta fyrirkomulag vera í auglýstum skilmálum þjónustunnar. Í tilfalli skóla- og frístundasviðs á þetta ákvæði við um reglur um leikskólaþjónustu og reglur um þjónustu frístundaheimila. Ekki eru til formlegar reglur um skólamáltíðir og er ekki sagt upp vegna vanskila þeirrar þjónustu.



Vanskilalistar vegna leikskólagjalda annars vegar og frístundaheimilisgjalda hins vegar eru mjög breytilegir og sveiflast til allt eftir hvenær hver listi er tekinn út. Kröfur koma inn á vanskilalista þegar þær færast yfir í milliinnheimtu, þegar þær eru komnar 55 daga yfir gjalddaga.

Í dag, 16. maí 2023, er eftirfarandi upplýsingar að finna á fyrrgreindum vanskilalistum:

Á vanskilalista leikskólanna eru alls 491 færsla sem skiptast niður á 231 kennitölur. Um er að ræða alls 63 mál í löginnheimtu og 428 gjalddaga í milliinnheimtu.

Á vanskilalista frístundaheimilanna eru alls 752 færslur sem skiptast niður á 287 kennitölur. Um er að ræða alls 16 mál í löginnheimtu og 736 gjalddaga í milliinnheimtu.

Skráning á vanskilalista kemur í veg fyrir að skuldari geti fengið þjónustu sé viðkomandi ekki nú þegar í þjónustu en eins og fyrr segir er það ekki fyrr en liðnir eru 110 dagar eða meira frá gjalddaga sem skuld veldur því að þjónustu er sagt upp. Uppsagnarbréf eru send út 10 dögum áður en mánaðar uppsagnarfrestur hefst. Skuldari hefur því u.þ.b. 40 daga til að bregðast við áður en kemur til þess að vistun verði lokað.

Þróun vanskila við skóla- og frístundasvið undanfarin ár hefur verið þannig að vanskil hafa almennt minnkað, þróunin síðan 2019 er þessi; en þarna er um að ræða hlutfall fjölda krafna sem fóru í milliinnheimtu, á bak við tölur árunna 2019 – 2022 er um að ræða meðaltal hvers heils árs, en tölur ársins 2023 eru meðaltal fyrstu þriggja mánaða ársins þar sem nýrri kröfur eru ekki komnar í milliinnheimtu.

Þróun vanskila	2019	2020	2021	2022	2023
Leikskólar	4,24%	3,31%	2,42%	2,15%	1,89%
Frístundaheimili	4,75%	3,98%	3,34%	2,75%	2,77%

Á skólaárinu 2022/2023 hafa verið sendar út alls 78 uppsagnir vegna vanskila frístundaheimilisgjalda, af þeim hafa 13 börn hætt þar sem ekki var leyst úr málum. Til viðbótar eru 7 uppsagnir sem eiga að taka gildi 31.5.2023 verði ekkert að gert. Mjög algengt er að foreldrar hætti að greiða og láti segja plássum upp þegar líður á skólaárið. Svo þegar foreldra vantar þjónustu að nýju þá er skuld gerð upp.

Á skólaárinu 2022/2023 hafa verið sendar út alls 84 uppsagnir vegna vanskila leikskólagjalda. Af þeim hafa 2 börn hætt þar sem ekki var leyst úr skuldamálum. Til viðbótar eru 2 uppsagnir sem eiga að taka gildi 1.6.2023 verði ekkert að gert.

Hægt er að sækja um þjónustu leikskóla eða frístundaheimila þó umsækjandi, sem þá sjálfkrafa skráist sem greiðandi fyrir þá þjónustu sem er pöntuð, sé á vanskilalista okkar. Hins vegar getur barn ekki hafið vistun nema búið sé að greiða vanskil, gera samkomulag hjá Inkasso-Momentum um vanskilin eða sækja aðstoð hjá þjónustumiðstöð og fá virkjað skjól verklags VEL og SFS er varðar skuldavanda foreldra/forsjáraðila vegna þjónustu er varðar börn.

Alls er vanskilamerking á 15 umsóknum um leikskólavist, þ.e. nýjum umsóknum og flutningsumsóknum. Af þeim eru 6 börn á leikskólaaldri (2018, 2019, 2020, 2021 og 2022), í dag 17. maí 2023, komin með boð um vistun á leikskóla en greiðandi er í vanskilum, börnin geta því ekki, skv. reglum um leikskólaþjónustu, hafið vistun nema búið sé að greiða skuld, gera samning um skiptingu greiðslna eða sækja aðstoð hjá þjónustumiðstöð og fá virkjað skjól verklags VEL og SFS er varðar skuldavanda foreldra/forsjáraðila vegna þjónustu er varðar börn.

Vanskil eru skráð hjá greiðanda í 25 umsóknum um vistun á frístundaheimili fyrir komandi skólaár 2023/2024. Til að vistun geti hafist í haust verður að vera búið að greiða skuld, gera samning um skiptingu greiðslna eða sækja aðstoð hjá þjónustumiðstöð og fá virkjað skjól verklags VEL og SFS er varðar skuldavanda foreldra/forsjáraðila vegna þjónustu er varðar börn.

Vanskil eru skráð hjá 58 greiðendum vegna skráninga barna í sumarfrístundanámskeið sem hefst í júní. Til að börnin geti mætt í sumarfrístundanámskeið verður að vera búið að greiða skuld, gera samning um skiptingu greiðslna eða sækja aðstoð hjá þjónustumiðstöð og fá virkjað



skjól verklags VEL og SFS er varðar skuldavanda foreldra/forsjáraðila vegna þjónustu er varðar börn.

Eftirfarandi svör bárust frá b-hluta fyrirtækjunum:

Orkuveita Reykjavíkur:

Upplýsingar sem fram koma í svári hér að neðan ná til allra viðskiptavina en ekki einungis Reykvíkingsa.

Árið 2022 var lokað fyrir þjónustu vegna vanskila hjá einstaklingum í 339 tilvikum og fyrirtækjum í 135 tilvikum. Nánast alltaf er um lokun á rafmagni að ræða. Það sem af er ári 2023 hefur verið lokað fyrir þjónustu vegna vanskila í 164 tilvikum hjá einstaklingum og 31 tilviki hjá fyrirtækjum.

Rétt er að taka fram að einungis kemur til lokana eftir ítrekaðar tilraunir til innheimtu eða úrræða til greiðsludreifingar.

Auk þessa hefur árið 2023 verið lokað fyrir rafmagn í 23 tilvikum vegna þess að viðkomandi hefur ekki valið raforkusala eins og krafist er skv. reglugerð um raforkuviðskipti.

Félagsbústaðir:

Í 3. mgr. 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði er kveðið á um að umsókn einstaklings sem er í skuld við Félagbústaði sé einungis samþykkt ef viðkomandi hafi gert full skil á skuld sinni eða um hana samið. Nú eru 122 fyrrverandi leigjendur í vanskilum við Félagbústaði.

Faxaflóahafnir:

Á ekki við.

Sorpa:

SORPA er ekki í reikningsviðskiptum við einstaklinga og þjónusta SORPU við heimili fer í gegnum þriðja aðila, til dæmis Sorphirðuna í Reykjavík, eða með beinum hætti á endurvinnslustöðvum þar sem reikningsviðskipti eru ekki stunduð.

Strætó:

Það er enginn með lokað á þjónustu Strætó vegna vanskila

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins:

Á ekki við.

Haldóra Káradóttir

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs